

**Þróunarsjóður innflytjendamála**  
**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Stöðumat í leikskóla

**Nafn styrkþega:** Heilsuleikskólinn Garðasel, Reykjanesbæ/Bergljót Sif Stefánsdóttir

**Útdráttur:** Markmiðið með verkefninu Stöðumat í leikskóla er að stuðla að snemmtækri íhlutun sem beitt er í þeim tilfellum sem börn ná ekki skilgreindum árangri miðað við jafnaldra íslensku og stærðfræði. Hugmyndin er að snemmbúið stöðumat muni gera kennaranum kleift að skipuleggja kennsluhætti í íslensku og stærðfræði og byggt er á þeim grunni að öll börn eigi rétt á því að fá kennslu við hæfi. Með þessu er bæði átt við börn sem þurfa aukinn stuðning, sérstaka aðlögun eða meiri ögrun. Frá árinu 2019 hefur verið skylda að leggja fyrir Stöðumat í leikskóla fyrir elstu börn í leikskólum Svíþjóðar. Samstarf hefur verið við íslenska grunn- og leikskóla sl. ár í samvinnu við Menntamálastofnun. Nokkur sveitarfélög hafa unnið í samstarfi við að innleiða stöðumatið á Íslandi, þar á meðal tveir leikskólar í Reykjanesbæ. Heilsuleikskólinn Garðasel er annar þeirra og hófst það samstarf haustið 2020. Þróunarverkefnið í Garðaseli gekk út á að vinna með kennslugögn stöðumatsins og prófa nemendur skólans af erlendum uppruna. Einnig var unnið að því að einfalda leiðbeiningar verkefnanna auk þess að útbúa kennsluefni sem tilheyrir verkefnunum. Skráningarblöð voru einfölduð og endurgerð. Unnið var með niðurstöður verkefnanna með það að leiðarljósi að staðfæra efnið og aðlaga fyrirlagnir og tíma þeirra að starfsemi leikskólans. Í ljós kom að upphafleg tímasetning fyrirlagna, að hausti á elsta ári leikskólabarna, hentaði börnunum og starfseminni síður. Sú ákvörðun að hefja fyrirlagnir að vori í næstelsta árgangi leikskólans var fljótlega tekin og reyndist koma ágætlega út. Sú hugmynd reyndist vel í ljósi þess að niðurstöður voru tilbúnar tímanlega fyrir sumarfrí og tími gafst til að undirbúa kennslu komandi skólaárs við hæfi barnanna. Niðurstöður voru kynntar deildarstjórum og áætlun gerð í kjölfarið varðandi kennslu komandi skólaárs.

**Name of the project:** Preschool Status Assessment

**Name of grantee:** Garðasel, Reykjanesbær/ Bergljót Sif Stefánsdóttir

**Project description:** The goal of the project Preschool Status Assessment (Stöðumat í leikskóla) in preschools is to promote early intervention that is applied in cases where children do not achieve defined results compared to their peers in Icelandic and mathematics. The idea is that early Preschool Status Assessment will enable the teacher to plan teaching methods in Icelandic and mathematics based on the principle that all children have the right to receive appropriate tuition. This refers to children who need more support, special adjustment or more challenge in

their tuition. Since 2019, it has been mandatory to submit a Preschool Status Assessment for the oldest children in Swedish preschools. Lately there has been collaboration between Icelandic primary schools and preschools in the recent years with the Directorate of Education. Several municipalities have worked in collaboration to implement the Preschool Status Assessment in Iceland, including two preschools in Reykjanesbær. The health preschool (Heilsuleikskólinn Garðasel) is one of them and that collaboration began in the autumn of 2020. The development project in Garðasel proceeded to work with the teaching materials of the Preschool Status Assessment and have their students of foreign origin do practice tests. Important work was also done to simplify the instructions of the projects as well as to prepare teaching material that belongs to the projects of the Preschool Status Assessment. Registration forms were simplified and remade. The results of the projects were worked on with the aim of localizing the material and adapting the submissions and their time to the preschool's activities. It turned out that the initial timing of the submissions, in the autumn of the oldest year of preschool children, was not suitable for the children and the activities. The decision to start submission in the spring in the second oldest year of the kindergarten was soon made and turned out to be a good decision. The idea proved successful in light of the fact that the results were prepared in time for the summer holidays and there was time to prepare suitable tuition for the coming school year for the children. The results were presented to the head of the classroom and a plan was made afterwards regarding teaching for the coming school year.